

## 133. Stjórnarfundur Fenúr

**Mætt:** Ragna I. Halldórsdóttir, Bryndís Skúladóttir, Hafsteinn H. Gunnarsson, Ingvar Halldórsson, Ingbór Guðmundsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Már Karlsson.

**Staður og stund:** Sorpa, Gufunesi þann 22. febrúar 2012 kl. 8:30

**Þetta gerðist**

### 1. Aðalfundur 2012

Búið er að tala við Herdís í Mosfellsbæ og finna tengilið sem aðstoðar með að finna fundastjóra og annað sem heimamaður þarf að aðstoða við. Hlégarður er heppilegasti fundastaðurinn og **RH** mun ganga frá því.

Staðan á dagskrá ráðstefnu og erindum er þessi:

Landsáætlun um úrgangsmál – Kjartan Ingvarsson, Umhverfissráðuneyti  
Innleiðing úrgangstilskipunar – Kjartan Ingvarsson, Umhverfissráðuneyti  
Gasmál urðunarstaða – Lúðvík Gústafsson, Samband sveitarfélaga (**GTÓ athugar**)  
Skilakerfi raf- og rafeindatekjaúrgangs – Guðmundur G. Þórarinnsson, formaður stýrinfundar (**BS athugar**)  
Framtíð brennslustöðva á Íslandi – Hafsteinn H. Gunnarsson  
Lög og reglur um sláturúrgan og dýraúrgang – MAST (**GTÓ athugar**)

**RH** kannar hvort Kjartan hjá ráðuneytinu geti líka rætt um fyrirhugaðar breytingar á reglum um raf- og rafeindatekjaúrgang. Stefnt er að því að dagskrá verði tilbúin í byrjun næstu viku.

Formaður hefur kannað kjörgengi stjórnarmanna og er staðan þessi:

Ragna var kosinn formaður 2009 og lýkur sínu kjörtímabili. Hún gefur ekki kost á sér áfram sem formaður en mun bjóða sig fram sem varamaður.  
Már var kosinn 2009 og lýkur sínu kjörtímabili. Hann íhugar að gefa kost á sér áfram.  
Ingvar var kosinn 2009 og lýkur sínu kjörtímabili. Hann gefur ekki kost á sér áfram.  
Bryndís kom inni stjórn 2011 og situr áfram.  
Hafsteinn kom inni stjórn 2011 og situr áfram. Hann íhugar framboð til formanns.  
Ingbór hefur setið sem varamaður í ár og mun gefa kost á sér sem aðalmaður.  
Guðmundur gefur áfram kost á sér sem varamaður.

**RH** sendir fyrir vikulok tilkynningu til félagsmanna um fundartíma og tilkynnir að staða formanns og sæti í stjórn sé laust.

**RH** og **MK** munu útbúa ársreikninga og ræða við skoðunarmenn, Jón Steingrímsson og Gunnar Bragason. Þau munu kanna hvort þeir séu tilbúnir til að gefa aftur kost á sér í þau trúnaðarstörf.

### 2. Fenúr merki

Fram hefur komið ábending um að þörf sé á nýju plast merki fyrir stærri umbúðir frá fyrirtækjum. Rætt var um nokkrar leiðir til að mæta þessari beiðni. **RH** mun vinna áfram með þá tillögu sem stjórn kom sér saman um.

### 3. Önnur mál

Tvö erindi hafa borist frá ISWA vegna inngöngu nýrra aðildarlanda annars vegar og vegna breytinga á reglum félagsins hins vegar. Stjórn samþykkti málin frá sinni hálfu **RH** mun afgreiða þau.

Fundi slitið kl. 10:10. Tími fyrir næsta fund var ekki ákveðinn.

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir